



# SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland

[www.skylingar.is](http://www.skylingar.is)

Móta og keppendareglur 2017-11-16

## Móta- og keppendareglur

### A Mótanefnd

#### A-1 Hlutverk

Hlutverk mótanefndar er umsjón og framkvæmd allra skyldingamóta innanlands sem haldin eru á vegum SKY.

#### A-2 Skipan

Mótanefnd skal skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af stjórn SKY til tveggja ára. Fulltrúar skulu ekki allir koma frá sama félagi.

#### A-3 Verkefni mótanefndar

A-3.1 Mótanefnd skal leggja fram starfsáætlun til stjórnar SKY fyrir a.m.k. eitt ár fram í tímann. Í starfsáætlun skulu koma fram eftirfarandi atriði:

- a) Fjöldi keppna
- b) Aldursflokkar
- c) Keppnisstaður

A-3.2 Mótanefnd skal framfylgja móta og keppendareglum SKY eins og þær eru á hverjum tíma.

A-3.3 Mótanefnd skal framfylgja agareglum ÍSÍ og SKY á keppnum og vísa agamálum til stjórnar SKY.

A-3.4 Mótanefnd skal sjá um öll atriði er varða framkvæmd skyldingamóta.

### B Mótareglur

#### B-1 Mót

Reglur þessar gilda fyrir öll skyldingamót sem eru skipulögð af SKY.

#### B-2 Auglýsing móts

Öll mót skal tilkynna til allra aðildarféлага SKY með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara. Þar skal koma fram dagsetning móts, keppnisstaður. Einnig skal koma fram hvenær skráningu lýkur og hvaða aldursflokkar keppa. Tilkynningin er send tölvupósti til stjórna aðildarféлага SKY og birt á vefsíðu SKY.

#### B-3 Mótsstjórn

B-3.1 Mótsstjórn skal skipuð af mótanefnd fyrir hvert mót.

B-3.2 Mótsstjórn skal skipuð allt að fjórum einstaklingum sem skipta með sér eftirfarandi hlutverkum:

- a) Mótsstjóra sem sér um að keppnin gangi vel fyrir sig, bæði hvað varðar keppendur og starfsmenn. Hann skal annast alla stjórn keppinnar og sjá til þess að dagskrá sé fylgt. Mótsstjóri skal skila öllum úrslitum til SKY að móti loknu.
- b) Skráningarstjóri, tekur á móti upplýsingum um úrslit frá dómurum og ber ábyrgð að þær séu rétt skráðar. Tekur saman úrslit eftir riðlakeppni og útsláttarkeppni og setur þær á áberandi stað fyrir keppendur.
- c) Yfirdómari, sem skal vera með viðurkennd dómara réttindi frá FIE. Stjórn SKY getur leyft undantekningu frá þessu. Yfirdómari skal leggja línur varðandi dómgæslu til annara dómara. Yfirdómari tekur við öllum deilumálum hvað varðar dómgæslu og skal hann ásamt mótastjórn úrskurða um þau.
- d) Tæknistjóri, skipuleggur vopnaskoðun og útbúnað keppnissvæðis.

#### B-4 Mótmæli og kærur

B-4.1 Öllum athugasemdum, mótmælum og kærur á skyldingamótum skal koma til mótsstjóra og verða að vera skrifleg. Mótsstjóra ber að sinna slíkum erindum svo fljótt sem auðið er. Úrskurður mótsstjóra á keppni er endanlegur.



# SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland

[www.skyldingar.is](http://www.skyldingar.is)

Móta og keppendareglur 2017-11-16

B-4.2 Mótsstjóri skal í mótsskýrslu eftir hverja keppni greina frá öllum athugasemdum sem berast með ofangreindum hætti og ef mótsstjóra hefur reynst nauðsynlegt að beita þeim agaákvæðum sem hann hefur heimild til. Stjórn SKY skal síðan taka afstöðu til hvort ástæða er til að fara með þessi mál í samræmi við dóms og refsíákvæði ÍSÍ.

## C Keppendareglur

### C-1 Skráning þátttöku

C-1.1 Skráning þátttöku er á ábyrgð keppenda með samþykki aðildarfélags. Skráning fer fram á netinu.

C-1.2 Ef þátttakandi æfir með fleiri en einu félagi getur hann aðeins keppt fyrir eitt félag.

### C-2 Keppnisflokkar

C-2.1 Keppnisflokkar eru tveir:

B Keppni fyrir þá sem hafa ekki keppt áður, iðkendur sem eru byrjendur í skyldingum.

K Keppni fyrir lengra komna, iðkendur sem hafa stundað skyldingar lengur en eitt ár.

Iðkendur skyldmast aðeins eitt ár í byrjendaflokki, síðan færast þeir upp í keppnisflokk.

### C-3 Aldursskipting, stig og stærð sverðs

C-3.1 Eftirfarandi aldursskipting gildir í keppnum:

Nafn	Skammstöfun	Aldur	Stig	Sverð
Börn	B6	6 ára og yngri keppa ekki, sýningarflokkar		
Börn	B8	7-8 ára á almanaksárinu	4	stærð 0
Börn	B10	9-10 ára á almanaksárinu	4/10	stærð 2
Börn	B12	11-12 ára á almanaksárinu	4/10	stærð 2
Unglingar	U14	13-14 ára á almanaksárinu	5/15	stærð 5
Unglingar	U17	14-17 ára á almanaksárinu	5/15	stærð 5
Ungmennir	U20	14-20 ára á almanaksárinu	5/15	stærð 5
Fullorðnir	F	14 ára og eldri á almanaksárinu	5/15	stærð 5
Garpar	G	40 ára og eldri á almanaksárinu	5/15	stærð 5

C-3.2 Keppendum í flokkum upp að U14 er einungis heimilt að keppa í sínum flokkum á Íslandsmeistaramóti og Íslandsbikarmóti.

C-3.3 Keppendur skulu flytjast milli aldursflokka eftir því sem aldur segir til um.

### C-4 Keppnisbúningar

C-4.1 Keppnisútbúnaður

Nafn	Skammstöfun	Útbúnaður
Börn	U6	350 N: jakki og gríma
Börn	B8	350 N: jakki, undirvesti og gríma
Börn	B10	350 N: jakki, undirvesti, buxur og gríma
Börn	B12	350 N: jakki, undirvesti, buxur og gríma
Unglingar	U14	350 N: jakki, buxur, undirvesti og gríma
Unglingar	U17	800 N: jakki, buxur, undirvesti, hanski og 1600 N gríma
Ungmennir	U20	800 N: jakki, buxur, undirvesti, hanski og 1600 N gríma
Fullorðnir	F	800 N: jakki, buxur, undirvesti, hanski og 1600 N gríma
Garpar	G	800 N: jakki, buxur, undirvesti, hanski og 1600 N gríma

C-4.2 Kröfur um keppnisútbúnað skulu líka gilda á æfingum hjá aðildarfélögum SKY.



# SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS

Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland

[www.skyldingar.is](http://www.skyldingar.is)

Móta og keppendareglur 2017-11-16

C-4.3 Keppendur sem keppa upp fyrir sig í flokki, skulu hlýta reglum keppnisflokksins um keppnisútbúnað.  
C-4.4. Keppnisútbúnaður fyrir keppnisflokka, U17, U20, F og G, skal vera vottaður af Alþjóðlega skyldingasambandinu (FIE).

## D Öryggisreglur

D-1.1 Öryggisreglur SKY eru settar til að tryggja að skyldingar sé örugg íþrótt.

D-1.2 Aðildarfélög SKY skulu fara eftir öryggisreglum SKY.

D-1.3 Þjálfarar skulu kynna iðkendum sínum öryggisreglur SKY þannig að þeir séu vel upplýstir um þá hættu sem getur myndast ef þeim er ekki fylgt.

D-1.4 Iðkendur eru ábyrgir fyrir að útbúnaður þeirra sé í lagi og uppfylli þær kröfur sem eru gerðar til hans.

D-1.5 Útbúnaður skal vera frá viðurkenndum söluaðilum.

D-1.6 Huga skal að eftirfarandi atriðum varðandi útbúnað:

a) Grímur:

- i) Veikleika vegna ryðs.
- ii) Málmþreyta, holur eða óhófleg aflögun frá upphaflegu formi.
- iii) Rifum á hlið eða undir höku.
- iv) Kraginn rúllast upp.

b) Jakkar og buxur:

- i) Jakkar skulu vera af réttri lengd og stærð. Rennilás skal vera á andstæðri hlið við skyldingahandlegg.
- ii) Buxur skulu ná minnst 10 sm uppfyrir jakka.
- iii) Ekki má nota fatnað sem er sýnilega skemmdur eða rifinn.

c) Undirvesti:

- i) Iðkendur skulu nota undirvesti sbr. C-4.1

d) Brjóstahlífar:

- i) Konur skulu nota brjóstahlífar. Mælt er með því að stelpur noti brjóstahlífar frá 10 ára aldri eða þegar kynþroski hefst.

e) Hanskar:

- i) Hanskar ættu að ná upp á miðjan framhandlegg og vera þéttir.
- ii) Hanskar eiga ekki að hafa aðrar rifur en fyrir vörinn.

f) Blöð:

- i) Aldrei undir nokkrum kringustæðum skal skyldmast með blað sem er brotið.
- ii) Ekki skal nota blað sem er með óvenju mikla sveigju.

D-1.7 Þjálfarar skulu notast við grímu, þjálfarajakka og hanska ef hann gefur tíma með sverði. Nemandi á alltaf að nota hanska og grímu.

D-1.8 Dómarar geta bannað keppanda að keppa ef útbúnaður uppfyllir ekki C-4.1 eða er í ólagi skv. D-1.6.

## E Lyfjamisnotkun

E-1 Lyfjamisnotkun er stranglega bönnuð. Lyfjamisnotkun er notkun og dreifing efna sem eru á bannlista Alþjóða Ólympíunefndarinnar.

E-1.1 Um framkvæmd lyfjaprófa gilda reglur ÍSÍ.